

REGLUGERÐ

um búnaðarfræðslu.

I.

Hlutverk, skipulag og stjórnun búnaðarfræðslu.

1. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

- a) að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað. Fræðslan skal við það miðuð, að búfræðingar verði hæfir til að annast fjölþættan búrekstur og geti jafnframt veitt forustu í félagsmálum landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða.
- b) að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa, með námskeiðum, fræðslufundum, útgáfu fræðslurita og birtingu tilraunaniðurstaðna. Leggja ber áherslu á síbreytileg viðhorf og framfarir á sviði landbúnaðar og hagnýtt gildi þeirra.
- c) að veita visindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Með þjálfun í hagkvæmum og skipulögðum vinnubrögðum, verklegum og fræðilegum, sjálfstæðum eða í samvinnu við aðra, skal stefnt að því, að búfræðikandidatar verði virkir í störfum og sinni þeim af alúð og skyldurækni.

Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, shr. II. kafla. Ennfremur getur hún að hluta eða öllu farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, á námskeiðum og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmur þykir og samþykktur er af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum og reglugerðum um búnaðarfræðslu og setur skólunum námsskrár. Búnaðarfræðslan og öll starfsemi búnaðarskólanna heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

3. gr.

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Hún skal gera tillögur til ráðherra um setningu reglugerða við lög um búnaðarfræðslu.

Búfræðslunefnd skal samþykkja námsskrá námsbrauta í búfræði í almennum framhaldsskólum og hafa eftirlit með slíkum námsbrautum. Búfræðslunefnd gefur og ráðherra umsógn um námsskrár í búvísindadeild og bændadeildum búnaðarskólanna. Búfræðslunefnd ákveður, hvort og hvenær almennir framhaldsskólar geta útskrifað búfræðinga.

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi, fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, en landbúnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar.

Formaður boðar fundi í búfræðslunefnd tvisvar á ári hið minnsta, við upphaf og endi hvers skólaárs. Æski aðili að nefndinni eftir því, skal formaður boða til aukafundar.

Búfræðslunefnd kys sér ritara úr sínum hópi.

Nefndarmenn starfa á kostnað þeirrar stofnunar, sem þeir eru fulltrúar fyrir, þó greiða búnaðarskólarnir kostnað við störf fulltrúa búfræðikennara.

4. gr.

Á skólastöðunum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengi.

5. gr.

Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu. Með slíku skipulagi skal komist hjá tvíverknaði, enda hafi stofnanir á sviði búnaðarrannsókna með sér samvinnu um stærri rannsóknaverkefni.

Rannsóknir við skólana skulu vera til styrktar kennslunni og er nemendum og kennurum rétt og skylt að taka þátt í þeim eftir því sem aðstæður leyfa.

Heimilt er með samþykki landbúnaðarráðherra að sérhæfa rannsóknastarfsemina við hvern búnaðarskóla.

II.

UM BÚNAÐARNÁM.

Stjórnun og starfslið.

6. gr.

Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjá búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum.

Á búnaðarskólunum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla þætti almenns búrekstrar, svo og um aukabúgreinar eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu milli skólanna, hvað varðar námstilhögun og fjölbreytni í búrekstri.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólastjóra. Skólastjóri hefur yfirumsjón með gerð námsskrár, kennslu, prófum, skólabúi, rannsóknastarfsemi og annarri starfsemi skólans. Hann er æðsti fulltrúi skólans innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því, að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við landbúnaðarráðherra, landbúnaðarráðuneyti og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna rekstrar og framkvæmda við skólastofnunina. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerðum. Skólastjóri ræður lausráðið starfsfólk skólans.

Skólastjóri heldur kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til eða þegar meirihluti fastráðinna kennara óskar þess. Á kennarafundum skal ræða framvindu

skólastarfsins og annað, sem við kemur starfsemi skólans. Nánar skal kveða á um störf skólastjóra í erindisbréfi, sem ráðherra setur.

8. gr.

Skólastjóri setur í upphafi skólaárs reglur um samskipti nemenda og skólastofnunar, sem staðfestar skulu af landbúnaðarráðuneytinu. Vanræki nemandi nám sitt eða brjóti skóla-reglur, ber skólastjóra að vanda um við hann. Víkja má nemanda úr skóla um stundarsakir eða að fullu ef um alvarlega vanrækslu eða brot er að ræða. Skólastjóra ber að leita álits kennarafundar, áður en nemanda er víkið að fullu úr skóla.

9. gr.

Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina.

Skólanefnd Bændaskólans á Hólum skal skipuð einum manni og einum til vara frá hverju búnaðarsambandi á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

Skólanefnd Bændaskólans á Hvanneyri skal skipuð einum manni og einum til vara frá hverju búnaðarsambandi á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Búnaðarsambönd, sem starfa í landshlutum þar sem búnaðarskólar eru ekki, eiga þess kost að tilnefna einn mann hvert í skólanefnd við þann búnaðarskóla sem stjórn búnaðarsambandsins ákveður. Hver skólanefnd kýs sér formann, varaformann, ritara og vararitara. Fundargerðir skólanefndar skulu sendar til landbúnaðarráðuneytisins í afriti.

Skólastjóri kveður skólanefnd til fundar í samráði við formann skólanefndar a. m. k. einu sinni á ári. Á þeim fundi greinir hann nefndinni frá störfum, áformum og fjárhag skólans. Ef þrír fulltrúar eða fleiri í skólanefnd óska eftir aukafundi í nefndinni, skal til hans boðað með a. m. k. einnar viku fyrirvara.

Fundir skólanefndar eru ályktunarhæfir ef rétt er til þeirra boðað og minnst helmingur skólanefndarmanna er viðstaddur.

Skólanefndir eru ólaunaðar og ber hvert búnaðarsamband útlagðan ferðakostnað fulltrúa síns að hálfu á móti viðkomandi skóla.

10. gr.

Hlutverk skólanefndar er að efla tengsl búnaðarsambandanna og bændaskólanna og stuðla að auknum áhuga á búnaðarnámi. Í þeim tilgangi skal skólanefnd í samráði við skólastjóra leitast við að kynna starfsemi skólanna í fjölmiðlum, með fræðslufundum eða á annan hátt.

Einnig skulu skólanefndirnar fjalla um uppbyggingu skólasetranna og þann þátt í starfi skólanna, sem getið er um í b-lið 1. gr. hér að framan.

11. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við skólana að fenginni umsögn skólastjóra. Skipa má fastan kennara í starf yfirkennara við bændadeild. Hann skal sjá um gerð stundaskrár og önnur þau atriði, er varða framkvæmd kennslunnar í bændadeild, skv. nánari ákvörðun skólastjóra.

Kennarar við hvern skóla skulu eigi vera færri en sex, auk skólastjóra, og skulu þeir hafa kandidatspróf í búfræði eða hliðstæða menntun. Ef sérstakir kennarar eru ráðnir til kennslu í almennum námsgreinum framhaldsskólastigsins, skal gera til þeirra sömu menntunarkröfur og kennara í almennum framhaldsskólum. Kennari í vélfræði og meðferð og hirðingu búvéla skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða á annan hátt aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar.

Umsækjendur, sem auk tilskilins fagnáms hafa lagt stund á uppeldis- og kennslufræði í námi sínu eða á námskeiðum, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um kennarastöður.

12. gr.

Af föstum kennurum skal einn hafa umsjón með verknámi nemenda á bændabýlum og öðrum búum. Skal hann í samráði við skólastjóra semja leiðbeiningar um framkvæmd verknámsins. Hann skal fyrir hönd skólans gera samning við bændur eða bústjóra um verknámið. Hann skal hlutast til um, að samkomulag verði gert um kjör nemenda, meðan á verknámi stendur. Kennari þessi skal einnig fylgjast með framvindu verknámsins, eftir því sem við verður komið, með heimsóknnum á verknámsbúin. Ennfremur ber honum að sjá til þess, að nemendur færi dagbók meðan á verknámi stendur.

Ef henta þykir, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að í fyrstu skipuleggi einn kennari verkþjálfun nemenda frá öllum búnaðarskólunum.

13. gr.

Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf, er dreifist jafnt á almanaksárið, þó getur skólastjóri heimilað kennara að ljúka starfsskyldu sinni á skemmri tíma.

Um ráðningarkjör þeirra fer eftir kjarasamningum starfsmanna ríkisins hverju sinni.

14. gr.

Kennarar skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem ástæður leyfa, og gegna öllum störfum sínum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

Störf fastráðinna kennara skiptast milli kennslu, stjórnunar, rannsókna og ritstarfa. Nú hefur fastráðinn kennari ekki fullt starf við þessi verkefni og ber honum þá að vinna önnur störf í þágu stofnunarinnar í samráði við skólastjóra. Telji skólastjóri hentugra, að kennari við bændadeild fullnægi starfsskyldu sinni við aðrar deildir skólans, skal hann hlíta því.

Skólastjóri getur falið einum eða fleiri kennurum að leiðbeina nemendum í fristundum þeirra, svo sem í söng, leiklist, handavinnu og fleiru.

Við hvern skóla skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna starfsmatsnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa skólastjóri, fulltrúi tilnefndur af kennurum og fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins. Nefnd þessi skal meta störf kennara til vinnustunda.

Nánnar skal kveða á um störf kennara, hvað varðar aðalkennslugreinar og umfang einstakra starfshátta, í erindisbréfi.

15. gr.

Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sömu menntun.

Bústjóri skal sjá um daglegan rekstur búins og hafa umsjón með mannvirkjum, sem tilheyra búrekstri, og landi búins svo og öðrum eignum skólans eftir ákvörðun skólastjóra. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans, sem nota gögn og gæði skólabúsins við rannsóknir og kennslu, skulu hafa um það samráð við bústjóra.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

16. gr.

Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

Í bændadeild skal leggja áherslu á:

- að auka nemendum þekkingu og viðsýni og búa þá þannig undir að bregðast rétt við nýjum aðstæðum í sibreytilegu þjóðfélagi.
- að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnframt því sem þeim skal kennt að vinna saman í hópum að afmörkuðum verkefnum.
- að þjálfar nemendur í nútímavinnubrögðum í landbúnaði á skólasetrunum og á verknámsbúum, og þá undir eftirliti skólanna.
- að efla félagsþroska nemenda.

Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi og fullnægt lágmarkskröfum um einkunnir til inngöngu í framhaldsskóla eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi skólastjóra.
2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.
3. Umsækjandi skal eigi vera haldinn neinum kvilla eða háttsemi, sem öðrum geti orðið til tjóns að dómi skólastjóra, enda hafi hann leitað álits sérfræðings (sálfræðings eða læknis) áður en synjað er um skólavist af þeim sökum, er hér getur.

Skriflega beiðni um inntöku, studda gögnum, er sýni að inntökuskilyrðum sé fullnægt, skal senda skólastjóra fyrir 1. ágúst ár hvert.

17. gr.

Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur náms-tími skal eigi vera skemmri en 27 vikur og skiptist hann á tvær námsannir, haustönn og vorönn, þannig að sem næst jafnlangur kennslutími, auk prófa, falli á hvora önn.

Nám í bændadeild hefst í byrjun október og því lýkur eigi síðar en 15. maí. Námsleyfi skulu veitt í samræmi við reglugerð um leyfi í skólum.

Ef henta þykir, má nám á fyrri námsvetri falla að einhverju leyti utan reglu-legs skólatíma.

Námið skiptist í eftirtalda meginþætti:

1. Grunnám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólasetrunum og á bændabýlum, og þá undir eftirliti skólans. Nemendur geta ekki stundað samningsbundið verknám á heimilum sínum, nema veigamiklar ástæður séu fyrir slíku.
3. Búfræðinám og sérsvið þess.

Nám skv. lið 1 og 2 hér að framan skal fara fram á fyrra námsári, en nám skv. lið 3 á síðara námsári. Lengd verkþjálfunar nemenda á samningsbundnum verknámsbúum skal svara til einnar námsannar.

Tengja skal saman, eftir því sem kostur er á, hina bóklegu og verklegu þætti námsins.

18. gr.

Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, að fenginni umsögn búfræðslunefndar. Námsskráin skal liggja fyrir við upphaf hvers skólaárs. Í námsskránni skal getið um námsmarkmið og eininga-fjölda hvernar námsgreinar.

19. gr.

Námsgreinum í bændadeild er skipt í námssvið. Námssviðin eru þessi:

- A. Almenn fræði.
- B. Liffraði.
- C. Búfjárrækt.
- D. Bústjórn.
- E. Bútækni.
- F. Jarðrækt.

Minnsta námsmagn í grein skal vera ein námseining, þ. e. ein kennslustund í viku vetrarlangt eða tvær kennslustundir á viku á námsönn. Eina einkunn skal gefa fyrir árangur nemenda á hverju námssviði. Fyrir íþróttir skal gefa einkunn. Hið sama gildir um einkunn fyrir ástundun, sem gefin skal eftir reglum, sem skólastjóri setur. Geti nemandi ekki stundað íþróttir sakir vanheilsu eða af öðrum gildum ástæðum, getur skólastjóri veitt honum undanþágu frá tímasókn og prófi í þessari grein.

20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Meta skal gildi einstakra námsgreina hvers námssviðs til einkunna samkvæmt reglum, sem settar verða í námskrá.

Meðaleinkunn 9.0—10.0 telst I. ágætiseinkunn.

Meðaleinkunn 7.3— 8.9 telst I. einkunn.

Meðaleinkunn 6.0— 7.2 telst II. einkunn.

Meðaleinkunn 5.0— 5.9 telst III. einkunn.

Námsárangur skal meta til einkunna eftir námsverkefnum og/eða prófum. Próf eru haldin í lok hverrar námsannar eftir því sem ákveðið er í námsskrá. Próf geta verið munnleg, verkleg eða skrifleg. Við skriflegt próf skal ætla nemendum a. m. k. eina klukkustund til úrlausnar verkefnis fyrir hvert vægi námsgreinar. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Geti nemandi ekki gengist undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, getur skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma.

21. gr.

Til að nemandi standist burtfararpróf, skal hann hljóta að minnsta kosti 5.0 í meðaleinkunn og lágmarkseinkunnina 3.0 á hverju námssviði.

Fái nemandi núll í einkunn í einhverri námsgrein, útilokar það burtfararpróf. Heimilt er að endurtaka próf einu sinni, ef nemandi fær undir lágmarkseinkunn á einu sviði enda sé vegið meðaltal einkunna á öllum námssviðum minnst 5.0.

Til þess að geta hafið nám á síðari námsvetri þarf nemandi að hafa hlotið a. m. k. 4.0 í meðaleinkunn eftir fyrri námsvetur og lokið verknámi á tilskilinn hátt.

Nám til búfræðiprófs skal metið til eininga, hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi.

22. gr.

Að afloknu búfræðiprófi skal afhenda nemendum, sem standast próf, prófskírteini með árituðum einkunnum og fjölda námseininga á einstökum sviðum.

Þeir einir, sem lokið hafa prófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

23. gr.

Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um innngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá skólastjóri meta til eininga það af fyrra

námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna er því nemur. Nemandi getur áfrýjað mati skólastjóra til landbúnaðarráðuneytisins. Leitast skal við að minnkun námsskyldu leiði til styttri námstíma.

24. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar. Búfræðslunefnd getur ákveðið, hvort hluti námsins fari fram við búnaðarskóla. Nefndin ákveður, hvort eða hvenær almennir framhaldsskólar geti útskrifað búfræðinga.

25. gr.

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, bútæknanámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólunum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

Framhaldsnám þetta skal miðað við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum bútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði, og standi eigi skemur en 30 vikur.

Námsefni til bútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð, þegar ákveðið hefur verið að hefja bútæknánám.

26. gr.

Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins á skólasetrinum eða annars staðar þar sem henta þykir. Skulu skólarnir leitast við að koma til móts við óskir bændasamtaka og stofnana landbúnaðarins um námskeiðahald. Skólastjórnarnir gera áætlanir um þau námskeið, sem skólarnir halda. Starfsmenn skólanna skulu leiðbeina á námskeiðunum eftir því sem ástæður leyfa. Sé þess ekki kostur skal fá hæfa menn, innlenda eða erlenda, til að leiðbeina á námskeiðunum. Námskeið fyrir sérhæfða starfsmenn landbúnaðarins skal skipuleggja í samráði við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

III.

UM BÚVÍSINDANÁM.

27. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar.

Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

Skólastarfið í búvísindadeild skal við það miðað:

- a) að nemendur öðlist fræðilega og verklega þekkingu á sem flestum þáttum búvísinda og geti unnið sjálfstætt,
- b) að þjálfar nemendur í skipulögðum vinnubrögðum,
- c) að efla með nemendum vilja til símenntunar,
- d) að efla félagsþroska nemenda.

28. gr.

Nemendum búvísindadeildar ber að vinna samkvæmt markmiðum hennar með námi sínu.

Skólastjóri setur, í samráði við deildarstjórn, reglur um samskipti nemenda og skólastofnunar. Vanræki nemandi nám sitt eða brjóti skólareglur, skal skóla-

stjóri áminna hann. Beri slík áminning ekki árangur, getur skólastjóri vísað nemandanum úr skóla. Skólastjóri skal leita álits deildarstjórnar sbr. 29. gr., áður en hann vikur nemanda að fullu úr skóla.

29. gr.

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri er yfirmaður búvísindadeildar, sbr. 7. gr. Deildarstjórn er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna. Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum, sbr. 36. gr., auk skólastjóra, og tveir fulltrúar nemenda við deildina. Bústjóri og yfirkennari bændadeildar skulu einnig taka sæti í deildarstjórn, þegar fjallað er um málefni, er varða starfsvettvang þeirra.

Fulltrúa í deildarstjórn skal kjósa í byrjun október til tveggja ára í senn, fulltrúar nemenda skulu kosnir árlega. Kjörgengir eru fastráðnir kennarar við búvísindadeildina, en kosningarrétt hafa allir starfsmenn skólans, er kenna við búvísindadeild. Nýkjörin deildarstjórn kys sér deildarstjóra og deildarritara til tveggja ára. Deildarstjóri fer með umboð deildarstjórnar milli funda og skal honum sett erindisbréf.

Deildarstjóri boðar til funda minnst fjórum sinnum á ári, þó skal hann boða til fundar ef meirihluti fulltrúa, fulltrúar nemenda eða skólastjóri æskja þess.

Fundi skal að öðru jöfnu boða með eigi skemmri fyrirvara en tveggja daga.

30. gr.

Verksvið deildarstjórnar er að fjalla um námsskrá og námsmat í búvísindadeild, fjórða árs verkefni nemenda, vera til ráðuneytis um fjárhagsáætlun skólans, gera tillögur um ráðningu aðstoðarkennara, fjalla um umsóknir um nám við búvísindadeild, ef meta þarf fyrra nám til samræmis við inntökuskilyrði. Einnig skal deildarstjórn fjalla um almenn samskipti nemenda deildarinnar og skólans.

Ályktanir deildarstjórnar skal skrá í fundargerðarbók og þurfa a. m. k. $\frac{2}{3}$ fulltrúa að vera mættir til að fundur sé ályktunarhæfur.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara og þeir.

Skipa skal a. m. k. fimm aðalkennara, einn á hverju námssviði, og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytis, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar. Aðstoðarkennarar skulu að jafnaði ráðnir að námssviði, sbr. 36. gr. Skólastjóri ræður stundakennara. Kjör þeirra skulu vera eftir almennum kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Kennarar skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem ástæður leyfa, og gegna öllum störfum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

32. gr.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

Séu tveir eða fleiri aðalkennarar ráðnir að námssviði, skal annar/einn þeirra skipaður til að hafa umsjón með sviðinu.

Meginviðfangsefni hvers námssviðs eru:

1. Skipulagning og framkvæmd kennslu í búvísindadeild, sem tilheyrir viðkomandi námssviði.
2. Skipulagning og framkvæmd þeirra rannsóknaverkefna, sem tengd eru viðkomandi námssviði.
3. Umsjón með kennslu í bændadeild og samningu kennslubóka á viðkomandi námssviði.

33. gr.

Störf aðalkennara og aðstoðarkennara skulu skiptast milli kennslu, stjórnunar og rannsókna. Að jafnaði skal kennsla svara til 50—60% úr ársstarfi, stjórnun svara til 10—20% úr ársstarfi og rannsóknir til 30—40% úr ársstarfi. Nú eru þessi verkefni ekki fullt ársstarf og getur þá skólastjóri falið kennara önnur verkefni í þágu skólans. Þannig er m. a. heimilt að fela kennara aukin stjórnunarstörf, ritstörf og/eða rannsóknastörf í stað kennslu. Náist ekki tilskilinn stundafjöldi í kennslu við búvísindadeild, er kennara skylt að fullnægja kennsluskyldu sinni við aðrar deildir skólans.

Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fastra kennara í erindisbréfi, sem ráðherra setur. Meta skal störf kennara til vinnustunda, sbr. 4. málsgrein 14. gr.

34. gr.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenskra búfræðikandidata, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal hefja störf þegar er skipun hennar hefur farið fram og skila rökstuddu álitni til landbúnaðarráðherra innan mánaðar.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

35. gr.

Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

- a) að umsækjandi hafi lokið búfræðiprófi með 1. einkunn,
- b) að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi á raungreinasviði eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með. Stúdentar af öðrum sviðum en raungreinasviðum verða að afla sér frekari undirstöðupekkingar, eftir ákvörðun deildarstjórnar.

Skrifleg beiðni um inntöku ásamt afritum af prófskírteinum skal berast skólastjóra fyrir 10. júní ár hvert.

Berist eitthvert ár fáar fullgildar umsóknir um inntöku í búvísindadeild, er skólastjóra heimilt, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, að fella niður kennslu á fyrsta hluta búvísindadeildar næsta skólaár.

36. gr.

Námsefni búvísindadeildar skiptist í námsgreinar. Efni hverrar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, að fenginni umsögn búfræðslunefndar. Nám skal metið til eininga og svarar eining til einnar viku vinnu.

Í námsskrá skal námsgreinum, sem kenndar eru í búvísindadeild, skipað á eftirtalin fimm námssvið:

- a. Undirstöðugreinar.
- b. Búfjárfræði.
- c. Jarðræktarfræði.
- d. Bútækni.
- e. Búnaðarhagfræði og félagsfræði.

37. gr.

Árlegur námstími búvísindadeildar skal, að meðtöldum prófum, eigi vera skemmri en 34 vikur. Hefst hann í síðari hluta september.

Auk þess er heimilt milli námsvetra að nota tvívegis allt að einum mánuði að sumri í verklegt nám, svo sem mælingar, tilraunastörf, náttúruskoðun o. fl.

Námsleyfi eru 14 daga jólaeyfi og 10 daga páskaeyfi. Auk þess er heimilt að gefa leyfi 1. desember og fyrsta sumardag.

Árlegum námstíma skal skipt í tvær annir, haustönn og vorönn, og eru haldin próf í lok hvorrar annar eftir því sem ákveðið er í námsskrá.

38. gr.

Námstími búvísindadeildar er 3 ár og þurfa nemendur að hafa lokið 90 náms-einingum til prófs. Auk þess skal gefa nemendum kost á sérhæfðu námi og rann-sóknabíálfun á fjórða námsári, 30 einingum, sem aðalkennari á viðkomandi náms-sviði skipuleggur í samráði við deildarstjórn. Slík rannsóknaverkefni má skipu-leggja í samráði við aðrar kennslu- og rannsóknastofnanir.

Að afloknu lokaprófi frá búvísindadeild skal afhenda nemendum skirteini með árituðum einkunnum, fjölda eininga í hverri námsgrein, meðaleinkunn úr hverjum hluta og fullnaðareinkunn. Prófskirteini þetta veitir rétt til að nota titilinn búfræðikandidat og skal á skirteini tilgreindur sá einingafjöldi, sem nemandi hefur lokið.

39. gr.

Þegar hagkvæmt þykir, skal hafa samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu í undirstöðugreinum við búvísindadeild eftir því sem kennslukraftar og kennslu-aðstaða gefa tilefni til.

Við skipulagningu slíkrar samvinnu skal taka mið af eðlilegri námslengd bú-vísindadeildar og nýtingu kennslukrafta og kennsluaðstöðu, sem fyrir hendi er við Bændaskólann á Hvanneyri.

Um þessa samvinnu og annað samstarf skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands, sem kveði á um framkvæmd hennar og kostnað við hana.

40. gr.

Námsárangur skal meta til einkunna eftir námsverkefnum og/eða prófum. Próf geta verið verkleg, munnleg eða skrifleg. Við skrifleg próf skal miða við að nemendur hafi a. m. k. eina klukkustund til úrlausnar verkefnis fyrir hverja námsein-ingu. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Geti nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra for-falla, getur skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma.

41. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0—10.

Til þess að nemandi standist próf, má vegin meðaleinkunn á hverjum áfanga ekki vera lægri en 5.0. Sá stenst ekki áfangapróf, sem fær minna en 3 í námsgrein. Nemandi, sem ekki hefur náð prófi í einni eða tveimur námsgreinum, á rétt á því að breyta próf í þeim að nýju, en við útreikning á meðaleinkunn skal þó reikna með þeirri einkunn, sem fyrst var gefin. Hafi nemandi ekki náð lágmarkseinkunn í þremur eða fleiri námsgreinum eða hlotið einkunnina 0 í námsgrein, fellur hann á viðkomandi áfangaprófi.

Fullnaðareinkunn er vogið meðaltal allra samtalinna einkunna.

Fullnaðareinkunn 9.0—10.0 telst ágætiseinkunn.

Fullnaðareinkunn 7.3— 8.9 telst I. aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn 6.0— 7.2 telst II. aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn 5.0— 5.9 telst III. aðaleinkunn.

42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara, að fengnum tillögum deildarstjórnar, til að meta úrlausnir nemenda.

43. gr.

Við búvísindadeild skal starfrækja fræðilegt kennslugagna- og bókasafn, einkum varðandi landbúnaðarmál. Skál það vera kennurum og nemendum til afnota svo og, eftir því sem ástæður leyfa, fyrir þá sem vinna að rannsóknum og leiðbeiningum innan landbúnaðar.

Það er hlutverk deildarinnar að koma á framfæri efni úr ritum safnsins, sem haft getur þýðingu fyrir íslenskan landbúnað.

44. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja efnarannsóknastofu. Hlutverk hennar er að skapa kennslu- og rannsóknastaðstöðu fyrir skólann. Yfirmaður rannsóknastofunnar skal vera fastráðinn kennari við búvísindadeild, sbr. 31. gr.

Annist rannsóknastofan þjónustu utan skólans, skal sú þjónusta greidd eftir verðskrá, sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir.

Ýmis ákvæði.

45. gr.

Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

46. gr.

Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Heimilt er að veita öðrum aðilum leyfi til að reisa byggingar á lóðum í landi skólanna. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsupprátt staðarins. Gera skal samning milli skóla og byggingaraðila hverju sinni, er kveði á um lóðarleigu, forkaupsrétt og önnur þau atriði, er bygginguna varða. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingarsamningi, byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

47. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin svo úr garði, að þau geti gegnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og rekstrarkostnaður og kostnaður við tilraunastarfsemi og námskeiðahald á vegum skólanna greiðist úr ríkissjóði. Rekstur skólabúanna skal miðast við að þau þjóni sem best tilraunum og verklegri kennslu búnaðarskólanna.

Verði halli á rekstri skólabúanna greiðist hann úr ríkissjóði.

48. gr.

Skólarnir sjái um að nemendur geti fengið fæði og þjónustu á kostnaðarverði í sameiginlegu mótuneyti. Einnig skulu þátttakendur á námskeiðum, sem haldin eru í skólunum, fá fæði og húsnaði á kostnaðarverði.

49. gr.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 55/1978 skulu taka gildi frá og með skólaárinu 1980—1981. Það skólaár má jafnframt gefa kost á eins vetrar búfræðinámi við bændaskólana, samkvæmt 36. gr. laga nr. 55/1978.

50. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 55/1978 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. desember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

ALÞINGISMENN

kosnir í desember 1979.

(Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Ab = Alþýðubandalag, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur).

A. Þingmenn kjördæma.

- | | |
|-----------------------------|---|
| Reykjavíkurbkjördæmi: | 1. Geir Hallgrímsson (S).
2. Svavar Gestsson (Ab).
3. Albert Guðmundsson (S).
4. Benedikt Gröndal (A).
5. Ólafur Jóhannesson (F).
6. Birgir Ísl. Gunnarsson (S).
7. Guðmundur J. Guðmundsson (Ab).
8. Gunnar Thoroddsen (S).
9. Vilmundur Gylfason (A).
10. Friðrik Sophusson (S).
11. Ólafur Ragnar Grímsson (Ab).
12. Guðmundur G. Þórarinnsson (F). |
| Vesturlandskjördæmi: | 1. Alexander Stefánsson (F).
2. Friðjón Þórðarsson (S).
3. Davíð Aðalsteinsson (F).
4. Skúli Alexandersson (Ab).
5. Eiður Guðnason (A). |
| Vestfjarðakjördæmi: | 1. Matthías Bjarnason (S).
2. Steingrímur Hermannsson (F).
3. Sighvatur Björgvinsson (A).
4. Þorvaldur Garðar Kristjánsson (S).
5. Ólafur Þ. Þórðarson (F). |
| Norðurlandskjördæmi vestra: | 1. Páll Pétursson (F).
2. Pálmi Jónsson (S).
3. Stefán Guðmundsson (F).
4. Ragnar Arnalds (Ab).
5. Ingólfur Guðnason (F). |